

**Nd.**

**277. Breytingartillaga**

[144. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Áfengisvarnaráð lætur gera kvikmyndir um öll þau atriði, sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar. Skal fræðslumálastjórninni skylt að sjá um, að skólarnir eigi jafnan kost á að sýna kvikmyndir þessar í heild eða kafla úr þeim, eftir því sem við á á hverju skólastigi, og að þeir eigi enn fremur aðgang að hentugum kennslubókum og öðrum kennslukvikmyndum til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, enda sé haft fullt eftirlit með því, að haldið sé uppi slíkri fræðslu í öllum skólum landsins. Kostnaður við kvikmyndagerðina greiðist úr gæzluvistarsjóði.